


Guðrún Tryggadóttir við vinnu sína. „Meðal þess sem stendur íslenzkri myndlist fyrir þrifum eru lélegir gagnrýnendur."

Margar framakonur vilja útiloka ástina

Rætt við Guðrúnu Tryggvadóttur sem sýnir verk sín um þessar mundir á Kjarvalsstöðum

Stundum er haldið áfram að skrifa gagnrýni um menn, sem nálgast að vera miðaldra eins og þeir væru eilíflega unglingar. Jón Gunnar myndhöggvari hefur verið talinn til hinna ungu, þótt hann sé kominn yfir fimmtugt og Gunnar Örn og Sigurður Örlygsson eru báðir unglingar á fimmtugsaldri.-


EFTIR GÍSLA SIGURÐSSON

Mér finnst manneskjan heimsk og þrjózk; hún neitar að horfast í augu við staðreyndir. Hún vill ríkja yfir náttúrunni, vill nota hana til að skreyta sig. Riddarinn þeysir um eyju á hvítum hesti, en þegar betur er að gáð er þetta blekking, því hesturinn liggur bara í grasinu, við sjáum það á birtunni, sem fellur á hlið hans ofanfrá. En riddarinn hugumprúði vill ekki viðurkenna, að hesturinn liggi á hliðinni. Þetta er hetja og hún þrjózkast áfram."

Svofelld orð hefur Guðrún Tryggvadóttir um mynd þá af hvítum hesti, sem prentuð er hér í tilefni sýningar Guðrúnar á Kjarvalsstöðum, sem nú stendur yfir. Þessi skýring, eða hugmyndafræði eins og nú tíðkast að kalla þvíumlíkt, getur talizt nokkuð dæmigerð fyrir viðhorf ungra myndlistarmanna; einkum og sér í lagi þeirra, sem kynntust eitthvað konsepti eða hugmyndalist, sem var í tízku um tíma og lagði undir sig listaskóla.

Sem sagt: Það er unnið með hugmynd, sem oft liggur alls ekki í augum uppi. Að því leyti svipar myndlist af þessu tagi til nútíma ljóða: Hálfkveðnar vísur og mikið, sem áhorfandanum er látið eftir til að lesa milli línanna. Það sem fljótt á litið sýnist bara vera mynd af reiðmanni á hvítum hesti, er í raun og veru allt annað eins og sést af ræðu Guðrúnar hér að framan. Þótt notuð séu atriði úr náttúrunni svo sem hestur, gras og skeljar, þá er öllum raunveruleikatengslum kippt í burtu og eftir stendur huglæg mynd eða fantasía. Með öðrum orðum: Viðhorfið til myndefnisins er alveg gerólíkt því hefðbundna viðhorfi, sem leitast við að „finna mótíf" í náttúrunni og líkja eftir því með misjafnlega miklum stílfæringum.

„Allar mínar myndir verða til út frá ákveðinni þörf", segir Guðrún, „ég er að horfast í augu við vissa hluti með því að mála svona. Í tvö ár vann ég í konsepti, eða hugmyndalist og það hafði mikil áhrif á mig. Ég var að reyna að skilgreina sjálfa mig um leið þjóðfélagið."



Málverk eftir Guðrúnu. „Hér finn ég ræturnar í jörðu."

Guðrún Tryggvadóttir er 28 ára, fædd og uppalin í Reykjavík, en í föðurætt úr Hreppunum og er ein af mörgum myndlistarafkomendum nöfnu sinnar í Tungufelli. Guðrún er dóttir Erlu Gunnarsdóttur og Tryggva Árnasonar, sem m.a. fæst við myndlist og hefur sýnt. Eins og að líkum lætur, bar snemma á tilhneigingu Guðrúnar til myndsköpunar og strax eftir landspróf fór hún í Myndlista-og handíðaskóla Íslands. Þar var hún frá 1974-78 og útskrifaðist úr málaradeild, sem hafði þá verið endurvakin eftir tímaskeið þegar mikil vantrú ríkti á framtíð málverksins. Að þessu loknu lá leið Guðrúnar til framhaldsnáms í París við Ecole Superieure des Beaux Arts. Henni þótti sá skóli „gamaldags og ömurlegur, verri en steinrunnið akademí" og eftir einn vetur þar yfirgaf hún París og hélt til München. Það var engin skyndiákvörðun; hana hafði alltaf langað til München. Þar innritaðist hún í Akademie der Bildenden Künste og útskrifaðist með miklum glæsibrag, þar sem hún hlaut æðstu verðlaun skólans, Debütanten Förderpreis, og var það í fyrsta skiptið, að erlendur nemandi varð fyrir valinu. Framlag Guðrúnar til þessarar keppni var skyggnumyndaröð af verkum eftir hana sjálfa. Svo mikil aðsókn er að þessum myndlistarskóla, að 95 af hverjum 100, sem reyna við inntöku, eru gerðir afturreka. Það mætti því álykta, að þetta nauma úrtak hljóti að vera harla gott, ekkert nema rjómi. En Guðrún lætur lítið yfir þeim rjóma. Aðeins 3-4 nemendur standa uppúr, segir hún, -„ hinir eru bara að dandalast þarna án nokkurs metnaðar og þá aðallega vegna þess að það er gaman og mátulega frjálslegt að stunda nám við myndlistarakademí".

Í München kynntist Guðrún eiginmanni sínum, Robert Becker, söngvara. Þau hafa nú verið á Íslandi í rúm tvö ár og Bob eins og hún kallar hann söng í Tosca í Þjóðleikhúsinu og Grímudansleiknum í fyrra og einnig hefur hann oftar en einu sinni sungið einsöngshlutverk í konsertuppfærslu með Sinfóníunni. Þar fyrir utan hefur hann engin verkefni haft í söng, enda vita allir að tækifærin fyrir söngvara eru ekki út um allt hér á Íslandi. Við opnunina hjá Guðrúnu fyrir viku, hélt Robert konsert, en eftir sýninguna eru þau bæði á förum til Berlínar, þar sem þau munu búa um tíma, enda stefnir Robert að því að verða Wagnersöngvari og er talinn hafa gott upplag til þess.

En hvernig er sú tilhugsun að flytja utan aftur; ég spurði Guðrúnu um það og hvort hún telji sig sem málara háða Íslandi.

„Já, ég er mjög háð landinu og mér finnst æðislega gott að vera hérna. Ég finn beinlínis, að hér eru ræturnar í jörðu og hér finnst mér bezt að vinna. Það er samt ekkert meðvitað í mínu myndefni, sem ég sæki beint til lands eða þjóðar. Ég þarf ekki að bíða eftir eða leita að inspírasjón eða hugljómun; hún kemur sjálfkrafa til mín. Ég er næstum alltaf að vinna með fólk eða figúrur og það er alltaf saga á bak við hverja einustu mynd; það er mér nauðsynlegt. Oftast liggur sú saga ekki í augum uppi og mér finnst leiðinlegt að þurfa að gefa myndunum nöfn í skránni."

Nýbylgjan blómstraði með öllu sínu hamsleysi þegar hún var í München, en hún afneitar því að hafa farið að dansa með. „Mér finnst ég ekki hafa tileinkað mér þessa nýbylgju", segir hún, „það er þó nokkuð annað, sem ég hef verið að gera. Fyrstu tvö árin í München málaði ég ekki neitt, en þegar ég tók upp þráðinn að nýju, var það með mikilli gleði og jafnvel offorsi. En ég er búin að afgreiða það mál núna. Það sem maður gerir, byggist að ég held á einhverjum bylgjum, sem liggja í loftinu, fremur en að fyrirmyndir séu leitaðar uppi á sýningum eða í tímaritum. Þegar ég hóf að mála þetta villta málverk í skólanum, þá var ég ein um það og hafði enga fyrirmynd. Það var bara eitthvað sem gerjaðist innra með mér og varð að fá útrás. Það eru að vísu mörg gallerí í München, en borgin er fremur kunn fyrir íhaldssemi á flestum sviðum og galleríin taka ógjarnan neitt uppá sína arma nema það hafi viðurkenningarstimpil.

Ég var svo heppin að eignast styrktarmann, sem ver einhverju af auði sínum til styrktar listum; ég fékk hjá honum peninga til að kaupa efni og það kom sér vel. Þessi maður hefur gert talsvert af því að kaupa frammúrstefnulist, til dæmis eftir Beuys, og hefur gefið borgum."

Þeir sem gaumgæfa myndir Guðrúnar, til dæmis þær sem hér eru prentaðar, munu sjá, að þær eru engan veginn á einni línu. Frjálsræði í þá veru að vinna í jafnvel nokkr-